

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. maí 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-74/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði kostnað við viðgerð á bifreiðinni, sem áætlað er að nemi kr. 491.124.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 29. október. Með bréfi, dags. 1. nóvember sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær hinn 16. nóvember. Með bréfi, dags. 22. nóvember sl., var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og bærust þær hinn 6. desember. Með bréfi, dags. 7. desember sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera enn frekari athugasemdir og frest til þess til 21. desember. Engin frekari gögn bærust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og fylgigögnum með henni kemur fram að álitsbeiðandi keypti bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 14. júní 2012. Er bifreiðin af gerðinni Toyota Land Cruiser 100, árgerð 2002, fyrst skráð 9. ágúst 2002. Var bifreiðin ekin 152.000 km á kaupdegi og var kaupverð kr. 3.800.000. Kaupin fóru fram í gegnum Z. Stuttu eftir kaupin, eða hinn 3. júlí 2012 hafði álitsbeiðandi, sem var staddur í Lundarreykjadal, samband við bifvélavirkja og sagði bifreiðina stopp þar sem reim í A/C dælu bifreiðarinnar væri slitin, viftuspaði brotinn og vökvi lak af bifreiðinni. Bifvélavirkinn fór á vettvang með nýjan viftuspaða og A/C reim að kvöldi sama dags. Við nánir skoðun kom í ljós að A/C reimin hafði slitnað og brotið viftuspaðann, en brotin höfðu gert gat á vatnskassa bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að kælivökva lak af henni.

Hinn 4. júlí var keyptur nýr vatnskassi og bifvélavirkinn fór aftur í Lundarreykjadal og skipti um vatnskassa, viftuspaða og A/C reim. Nokkrum dögum síðar hafði álitsbeiðandi aftur samband við bifvélavirkjann og aftur var A/C reim slitin. Náði bifvélavirkinn í Toyota Hilux bifreið sem álitsbeiðandi átti á þessum tíma og fór með hana upp í Lundarreykjadal þar sem seljandi var að sinna leiðsögustörfum í Grímsá og hafði við hann bifreiðaskipti svo álitsbeiðandi gæti sinnt starfi sínu. Hinni bifreiðinni var ekið til Toyota umboðsins til frekari athugunar. Bilanagreining þar leiddi í ljós að A/C dæla var föst sem olli því að reimin slitnaði. Álitsbeiðandi telur umrædd atriði vera galla á bifreiðinni og fer fram á að seljandi greiði kostnað við viðgerð á henni, en sá kostnaður mun nema að lágmarki kr. 491.124.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er kaupsamningur, yfirlit yfir atburðarás varðandi kaupin, reikningar vegna viðgerða, tilboð í frekari viðgerðir, kröfubréf álitsbeiðanda til seljanda, dags. 22. ágúst 2012 og svar seljanda dags. 26. september s.á.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi telji sig ekki bera ábyrgð á þeirri bilun sem varð á búnaði bifreiðarinnar. Segir seljandi að meðan bifreiðin hafi verið í sinni eigu hafi hann ekki orðið var við neitt óeðlilegt í þeirri dælu sem á að hafa skemmst. Ekki liggi fyrir hve mikið bifreiðinni hafi verið ekið frá kaupunum og þar til dælan gaf sig og ekkert liggi fyrir um hvort hið meinta tjón hafi gert boð á undan sér. Segist seljandi hafa óskað eftir því í svarbréfi sínu til álitsbeiðanda hinn 26. september sl. að álitsbeiðandi léti sér í té gögn til sönnunar á því að umrædd bilun hefði verið til staðar þegar bifreiðin var seld. Þá segir seljandi að frásögn álitsbeiðanda sé óljós. Rétt fyrir kaupin hafi bifreiðin farið í gegnum almenna skoðun án athugasemda og í heildina litið hafi ástand hennar verið gott og kaupandi sáttur við kaupverðið og kaupin að öllu leyti. Þá segir seljandi að þær fjárhæðir sem nú séu nefndar til sögunnar virðist sér ekki á traustum gögnum reistar. Ekki liggi fyrir kvittanir né reikningar fyrir útlögðum kostnaði né neitt varðandi lokaviðgerð sem álitsbeiðandi telji sig þurfa að láta framkvæma. Tölur virðist því í meginatriðum úr lausu lofti gripnar. Mótmælir seljandi með öllu málatilbúnaði álitsbeiðanda og óskar eftir að kærunefndin staðfesti ábyrgð álitsbeiðanda sjálfs á tjóninu og meintum afleiðingum þess.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda er fjallað um það, að sú staðhæfing seljanda að hann hafi ekki orðið var við neitt óeðlilegt í umræddri dælu meðan bifreiðin var í hans eigu, leysi hann ekki undan ábyrgð á galla í bifreiðinni. Hins vegar muni eðli bilunar í umræddri dælu vera með þeim hætti, að bilunin komi ekki endilega fram við almenna skoðun en hins vegar eigi að heyrast væl frá viftunni áður en hún bilar endanlega. Því hefði seljandi átt að vera ljóst að eitthvað væri að bifreiðinni áður en salan fór fram.

Þá segir álitsbeiðandi að skv. 21. gr. laga um lausafjárkaup, skuli við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður, miða við það tímamark þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til kaupanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Þá segir að þremur vikum eftir bifreiðakaupin hafi bifreiðin orðið óökufær. Þó ekki liggi fyrir hve mikið bifreiðinni hafi verið ekið á þessum stutta tíma, þá hafi verið um eðlilega notkun að ræða, enda álitsbeiðandi ekki atvinnubílstjóri. Samkvæmt IV. kafla lausafjárkaupalaga, teljist hlutur gallaður ef hann hentar ekki í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til, en bifreið hlýtur að teljast gölluð ef hún hentar ekki í þeim tilgangi að aka henni.

Álitsbeiðandi mótmælir því að frásögn af atvikum máls sé óljós. Bifreiðin hafi einfaldlega bilað þremur vikum eftir kaup og sú bilun, sem sé á A/C dælu, hafi leitt til þess að bifreiðin er óökufær. Þá er því mótmælt að þær fjárhæðir sem nefndar eru í samhengi við kostnað vegna viðgerða á biluninni, séu ekki á traustum gögnum reistar. Fjárhæðirnar séu annars vegar byggðar á framlögðum reikningum sem þegar hafi verið greiddir vegna tjónsins og hins vegar á framlögðu tilboði Z.

VI

Frekari andsvör seljanda

Seljandi ítrekar þær athugasemdir sínar að kröfur álitsbeiðanda byggist á áætlun eða óljósu tilboði í viðgerð og snúningum í kringum hinn selda bíl, án þess að fyrir liggi nokkrar greiðslukvittanir. Þá liggi ekkert fyrir um það hve mikið álitsbeiðandi var búinn að aka bifreiðinni frá því kaup fór fram og þar til bifreiðin var óökufær. Þetta geti skipt máli þar sem að í bréfi álitsbeiðanda frá 22. ágúst sl., komi fram að hann noti bifreiðina við starf sitt. Þá telur seljandi að lýsing á biluninni og þeim aðgerðum sem að mati álitsbeiðanda þurfi að fara út í, sé ekki mjög skýr. Seljandi segir að þau hljóð sem álitsbeiðandi segir að eigi að heyrast á undan þeirri bilun sem um er deilt, hafi aldrei heyrst meðan bifreiðin var í eigu seljanda. Þá

kveðst seljandi hafa haft samband við sérfræðinga hjá Toyota og að þeir séu sammála um að ekki sé hægt að sjá slíka bilun fyrir, þar sem hún hafi engan aðdraganda. Þá segir seljandi að úr því að bilunin kom upp þegar áljitsbeiðandi var að aka henni, þá telji hann það alvarlega vangæslu af hálfu áljitsbeiðanda að kanna ekki hvaðan umrædd óeðlilegu hljóð stöfuðu, en halda þess í stað áfram akstri þar til allt var komið í óefni og orðið of seint að forða bilun. Að lokum fer seljandi fram á að kröfum áljitsbeiðanda verði hafnað.

VII

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur áljitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup, en áljitsbeiðandi mun hafa notað bifreiðina í atvinnustarfsemi sinni sem leiðsögumaður og geta kaupin því ekki fallið undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup sbr. 3. mgr. 1. gr. síðarnefndu laganna.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti áljitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 14. júní 2012 fyrir kr. 3.800.000. Er bifreiðin af gerðinni Toyota Land Cruiser 100. Fyrsti skráningardagur bifreiðarinnar er 9. ágúst 2002. Bifreiðin var því rétt tæplega 10 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 152.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 14. júní 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Kærunevndin áljítur að um kaupin gildi 19.-20. gr. laga nr. 50/2000, en þar segir m.a. eftirfarandi.:

„19. gr. Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða

c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

20. gr. Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Álitsbeiðandi telur að seljandi hefði átt að hafa orðið var við hljóð eða væl frá svonefndri A/C dælu áður en kaupin fóru fram og að seljanda hefði borið að tilkynna álitsbeiðanda um það hljóð við kaupin, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. Gegn eindregnum mótmælum seljanda um að slíkt hljóð hafi heyrst frá viftunni verður ekki fallist á að seljandi hafi vanrækt skyldur sínar skv. téðu ákvæði, þ.e. að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. laganna.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. laganna.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfesti að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Ágreiningur aðila snýr fyrst og fremst að bilun sem upp kom í bifreiðinni hinn 3. júlí 2012, þ.e. um 17 dögum eftir kaupin, þegar álitsbeiðandi var staddur á bifreiðinni í Lundarreykjadal, þar sem hann var að sinna leiðsögustörfum við Grímsá. Bilunin lýsti sér svo að reim fyrir svokallaða A/C dælu í vél bifreiðarinnar slitnaði með þeim afleiðingum að viftuspaði brotnaði og gerði gat á vatnskassa bifreiðarinnar. Samkvæmt því sem greinir í fylgigögnum með álitsbeiðni mun ástæða þess að reimin slitnaði vera talin sú að A/C dælan var föst.

Kærunefndin telur ólíklegt að hefði bifreiðin verið skoðuð og metin af óháðum aðila við kaupin, hefði sú skoðun leitt það í ljós að hætta væri á að umrædd reim fyrir A/C dælu myndi slitna og/eða að eitthvað amaði að A/C dælu bifreiðarinnar.

A/C dæla bifreiða af umræddri tegund og árgerð er staðsett uppi, hægra megin á mótor. Sitthvor reimin knýr viftuspaða þann sem einnig brotnaði í óhappinu og A/C dæluna. Á A/C dælunni er rafkúpling sem tengir hjólið á dælunni við dæluna sjálfa. Þegar þrýstingur fellur á kerfinu sendir kerfið straum til rafkúplingarinnar og við það snýst dælan og þrýstingur hækkar aftur í það sem hann á að vera. Þegar þrýstingnum er náð þá rofnar straumurinn til rafkúplingarinnar og ferlið hefst á ný. Til þess að þetta ferli fari fram þar að vera kveikt á loftkælingarkerfi bifreiðarinnar, en bílstjóri getur stjórnað því með rofa.

Kærunefndin telur afar ólíklegt að einungis slit á umræddri reim hafi getað haft þær afleiðingar að reimin rakst í viftuspaðann og beygði hann fram, sem aftur rauf vatnskassa bifreiðarinnar. Að mati kærunefndarinnar er líklegra að annað atvik hafi verið valdur að því að spaðinn brotnaði og skemmdi vatnskassann. Telur því kærunefndin, m.v. þau gögn sem fyrir liggja, að afar ólíklegt sé að atvik það sem varð hinn 3. júlí 2012, verði rakið til galla á einhverjum íhlut í vél umræddrar bifreiðar, sem hafi verið til staðar þegar kaupin fóru fram, hinn 14. júní 2012, sbr. 1. mgr. 21. gr. laganna. Getur kærunefndin þannig ekki fallist á að bifreiðin geti talist vera haldin galla í skilningi c-liðar 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VIII
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir